Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa

**Lántaka vegna framkvæmda.**
**Skuldabréfaútboð**
**R16120032**
**6. apríl 2017**

**Tillaga fjármálastjóra og fjárstýringarhóps til borgarráðs**

Lagt er til að borgarráð samþykki tilboð að fjárhæð 630 mkr. að nafnvirði, á ávöxtunarkröfunni 5,40%, í skuldabréfaflokk borgarsjóðs, RVKN 35 1.

Ofangreind tillaga var samþykkt samhljóða á fundi fjárstýringarhóps þann 5. apríl 2017.

*Birgir Björn Sigurjónsson*
fjármálastjóri Reykjavíkurborgar

TRÚNAÐARMÁL

Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa

**Lántaka vegna framkvæmda.**
**Skuldabréfaútboð**
**R16120032**
**6. apríl 2017**

**Greinargerð:**

Alls er áformað í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2017 að taka lán fyrir allt að 3.012 mkr. að markaðsvirði með því að stækka skuldabréfaflokkana RVK 53 1 og/eða RVKN 35 1. Búið er að gefa taka lán fyrir 467 mkr. að markaðsvirði á árinu 2017.

Þetta er annað útboðið á árinu skv. útgáfuáætlun, en fallið var frá fyrirhuguðu útboði í mars. Boðið er út í skuldabréfaflokkum RVKN 35 1 í samræmi við heimildir fjármálastjóra.

Heildarstærð RVKN 35 1 fyrir útboðið nemur alls 3.940 mkr. að nafnvirði.

Í þessu útboði var stefnt að því að taka tilboðum fyrir allt að 500 mkr. að markaðsvirði. Reykjavíkurborg áskildi sér þó rétt til að hækka eða lækka útboðsfjárhæð útboðsins, taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum.

**Tilboð í RVKN 35 1:** Alls bárust 6 tilboð í skuldabréfaflokkinn RVKN 35 1 að fjárhæð 730 mkr. að nafnverði og var ávöxtunarkrafan á bilinu 5,35%-5,45%.

Meðfylgjandi tafla sýnir dreifingu tilboða í RVKN 35 1:

**TILBOÐ RVKN 35 1 hinn 8. febrúar**

| tilboð mkr | krafa | tilboð mkr |
|---|---|---|
| mkr | áv. kraf | uppsafnað |
| 10 | 5,35% | 10 |
| 200 | 5,39% | 210 |
| 100 | 5,40% | 310 |
| 220 | 5,40% | 530 |
| 100 | 5,40% | 630 |
| 100 | 5,450% | 730 |

Neðangreind tafla sýnir niðurstöður í hverju útboði frá 26. mars 2015 (ávöxtunarkrafa var fest 20. mars) og samþykkta ávöxtunarkröfu ásamt samanburði við RIKB25 sem er næstur RVKN 35 1 í líftíma.

**RVKN 35 1**

| Útboðsdagar | Markmið mkr | Lántaka NV mkr | Ávöxtunar-krafa RVKN 35 | Ávöxtunar-krafa RIKB25 | Mism RVK og RIKB25 | Boðin ávöxtunkrafa | Verðb álag |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| lokað útboð 26.03.15 | 1700 | 1700 | 6,833% | 6,72% | **0,11%** | 6,833% | 3,75% |
| Útboð 10.02.2016 | 500 | 0 | | 5,99% | **>0,56%** | 6,55%-7,00% | 3,09% |
| Lokað útboð 28.04.16 | 1200 | 1200 | 6,42% | 5,83% | **0,59%** | 6,42% | 3,14% |
| Útboð 08.06.2016 | 280 | 260 | 6,90% | 6,46% | **0,44%** | 6,80%-7,25% | 3,73% |
| Útboð 06.02.2017 | 300 | 460 | 5,69% | 5,13% | **0,56%** | 5,685%-5,75% | 2,49% |
| Útboð 05.04.2017 | 500 | 630 | 5,40% | 4,92% | **0,48%** | 5,35%-5,45% | 2,27% |

Í síðasta útboði, sem var þann 8. febrúar 2017, var tilboðum að fjárhæð 460 mkr. að nafnvirði tekið sem var 467 mkr. að markaðsvirði. Ávöxtunarkrafa viðskiptanna var 5,69% og álag á viðmiðunarflokk

TRÚNAÐARMÁL

59 punktar. Ávöxtunarkrafan hafði lækkað frá útboði í júní 2016 en þá var ávöxtunarkrafan 6,90% og álag 44 punktar.

## Niðurstaða:

Lagt er til að borgarráð samþykki tilboð að fjárhæð 630 mkr. að nafnvirði á ávöxtunarkröfunni 5,40%. Álag m.v. viðmiðunarflokk er 48 bp. Markaðsverð útgáfunnar er um 622 mkr.

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa og verðbólguálag til lengri tíma hefur lækkað mikið frá útboðinu í júní 2016 og síðasta útboði sem var í febrúar 2017 (sjá töflu hér að neðan).

| | Júní 2016 | Feb 2017 | Apríl 2017 | Mism. frá feb 2017 |
|---|---|---|---|---|
| Ávöxtunarkrafa RVKN 35 1 | 6,90% | 5,72% | 5,40% | -0,32% |
| Ávöxtunarkrafa RIKB25 | 6,46% | 5,13% | 4,92% | -0,21% |
| => Álag á RIKB25 | 44 bp | 59 bp | 48 bp | -11 bp |
| Stýrivextir SBÍ | 5,75% | 5,00% | 5,00% | 0,00% |
| => Álag á stýrivexti | 115 bp | 72 bp | 40 bp | -32 bp |
| Reibor 1Y | 6,90% | 5,75% | 5,63% | -0,12% |
| => Álag á Reibor 1Y | 0 | - 3 bp | - 23 bp | -20 bp |
| Meðalverðbólga síðustu 20 ár | 4,70% | 4,60% | 4,60% | 0,00% |
| Verðbólguálag | 3,73% | 2,49% | 2,27% | -0,22% |

Ávöxtunarkrafan á RVKN 35 1 er nú 0,32 bp lægri en hún var í síðasta útboði í febrúar 2017 og hefur Reykjavíkurborg aldrei selt skuldabréf í skuldabréfaflokknum RVKN 35 1 á svo lágri kröfu. Útboðið nú lækkar meðalvexti skuldar borgarinnar í flokknum úr 6,55% í 6,38%.

Tæp 90% af skuldum Reykjavíkurborgar eru verðtryggðar og verðbólguáhætta ein stærsta áhætta borgarinnar. Með því að auka þátt óverðtryggðra bréfa í lánasafni borgarinnar er dregið úr verðbólguáhættu.

Meðalvextir þessara verðtryggðu skulda er rétt undir 4% þannig að ef við bætum við verðbólguálaginu eins og það er í dag samsvarar það um 6,27% óverðtryggðum vöxtum. Niðurstaða útboðsins í dag er 0,87% hagstæðara en meðalvextirnir og því ljóst að þessi ávöxtunarkrafa er einnig hagstæðari en þeir vextir sem borgin greiðir af verðtryggðum skuldum.

Ofangreind tillaga var samþykkt samhljóða á fundi fjárstýringarhóps þann 5. apríl 2017.

*Birgir Björn Sigurjónsson*
fjármálastjóri Reykjavíkurborgar

TRÚNAÐARMÁL